

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 89/1935, um almenn gæðamerki, með síðari breytingum.

Með umsóknir sem berast Einkaleyfastofnuni fyrir gildistöku laga þessara skal farið eftir eldri lögum.

*Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

**LÖG****um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

C-liður 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

## 2. gr.

IV. kafli laganna, **Ferðamálasjóður**, fellur brott.

## 3. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. janúar 2003 yfirtekur ríkissjóður allar eignir og skuldir Ferðamálasjóðs. Byggðastofnun er falið að sjá um innheimtu á útlánnum sjóðsins. Innköllun til lánardrottna Ferðamálasjóðs skal eigi gefin út. Umboð stjórnar sjóðsins fellur niður frá sama tíma.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sturla Böðvarsson.*